



Leiðbeiningar fyrir umsókn um endurgreiðslu á hluta kostnaðar vegna hljóðritunar tónlistar á Íslandi.

Umsóknir um endurgreiðslur þurfa að uppfylla skilyrði sem gerð eru í lögum nr. 110/2016, um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist, og reglugerð nr. 1271/2016 um endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist. Umsóknum skal alla jafna skila rafrænt á mnh@mnh.is og hægt er að styðjast við umsóknareyðublað sem finna má á vef ráðuneytisins.

Í umsókn um endurgreiðslu skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Útgefandi

- a. Upplýsingar um útgefanda / umsækjanda
 - i. Lögheimili
 - ii. Borg og póstnúmer
 - iii. Land
 - iv. Símanúmer
 - v. Netfang
- b. Upplýsingar um bankareikning sem endurgreiðslan skal greiðast inn á.

2. Upplýsingar um skuldleysi við STEF og innheimtumann ríkissjóðs

- a. Sönnun þess að útgefandi eigi ekki vangoldnar opinberar kröfur (yfirlýsing tollstjóra eða frá sýslumanni).
- b. Yfirlýsing um að aðili sé skuldlaus við STEF eða önnur systurfélög vegna útgáfunnar

Ath. á umsóknareyðublaðinu er sá möguleiki að heimila menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu að nálgast framangreindar upplýsingar.

3. Upplýsingar varðandi hljóðritin

- a. upplýsingar yfir það hvernig hljóðritin voru gefin út og gerð aðgengileg almenning.
- b. Yfirlit yfir lög, ISCR- kóða hljóðritanna og tímalengd tónlistar á hljóðritunum,
- c. Upplýsingar um flytjendur, bæði aðalflytjendur og aðra flytjendur, sem fram koma á hljóðritunum.

4. Reikningar og kostnaðaryfirlit – endurgreiðsluhæfur kostnaður

- a. Reikningur frá hljóðveri. Skilyrði er að reikningurinn sé löglega gefinn út og einnig þarf að skila inn sönnun fyrir greiðslu.
 - b. Reikningur fyrir greiddum launum aðkeyptra flytjenda eða tæknimanna og einnig skal skila inn sönnun fyrir greiðslu.
- Æskilegt er að hægt sé að sýna fram á að greitt hafi verið eftir texta um hljóðversvinnu hljóðfæraleikara sjá hér



- c. Reikningur fyrir eftirvinnslu og einnig skal skila inn sönnun fyrir greiðslu.
- d. Reikningar fyrir ferða og flutningskostnaði hljóðfæra og aðalflytjenda og einnig skal skila inn sönnun fyrir greiðslu.
 - i. Undir ferðakostnað falla fargjöld milli landa og landshluta samkvæmt farseðlum. Ekki er endurgreiddur hluti af ferðakostnaði innanbæjar. Gistikostnaður, reikningur frá hóteli, gistiheimili eða heimagistingu.
 - ii. Undir flutningskostnað fellur flutningur á hljóðfærum sem þurfa sértæka flutninga, svo sem píanó eða flygill.
- e. Reikningur fyrir eigin vinnu ef það á við sbr. 7. gr. laga nr. 116/2016, eða því sem samsvarar listamannalaunum fyrir einn aðila í mánuð sbr. lög nr. 57/2009, um listamannalaun, sem eru 377.402 kr. á árinu 2018. Laun þessi skulu gefin upp til skatts en heimilt er að skrá þau sem verktakalaun og færa kostnað á móti.

Nefnd sem skipuð er skv. 4. gr. laga nr. 110/2016 fer yfir innkomnar umsóknir sem skulu vera í samræmi við leiðbeiningar þessar. Telji nefndin að upphæð endurgreiðsluhæfs kostnaður sé í ósamræmi við þau hljóðrit sem sótt er um endurgreiðslu fyrir, getur nefndin aflað álits sérfróðra aðila sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 110/2016. Sé niðurstaðan sú að endurgreiðsluhæfur kostnaður sé of hár miðað við þau hljóðrit sem sótt er um endurgreiðslu fyrir getur nefndin gert tillögu til ráðherra um að endurgreiða lægri fjárhæð en sótt er um.

5. Aðrir opinberir styrkir

Ef útgefandi hefur hlotið styrk frá opinberum aðila vegna útgáfu sömu hljóðrita ber að upplýsa um styrkinn og upphæð hans. Athuga ber að styrknum gæti hafa verið ætlað að ná yfir fleiri þætti en endurgreiðsluhæfur kostnaður, skv. 6. gr. laga nr. 110/2016, sem kann að hafa áhrif á frádrátt vegna umsóknar. Mikilvægt er því að fram koma fullnægjandi upplýsingar um veitta styrki svo nefndin geti metið hve mikill hluti veitts styrks ætti að koma til frádráttar endurgreiðslunnar.